

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

29. október 2025
UOS2501472/F.Æ.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 22. september 2025 – ID 180

Þann 22. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í Fiskeldi Austfjarða, Berufirði. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ekkert eldra frávik var opið þegar eftirlitið fór fram.

Þrjár ábendingar voru settar fram í eftirlitinu:

1. Áætlað er að útsetning verði á Svarthamarsvík vorið 2026. Rekstraraðila er bent á að gera þarf ráð fyrir að útsetning getur frestast ef t.d. botn á stöðinni verður, að mati eftirlitsaðila, ekki búinn að jafna sig.
2. Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Glímeyri.
3. Merkja þarf betur með hættumerkjum, geymi sem inniheldur maurusýru á prammanum á Svarthamarsvík.

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu:

1. Umhverfisvöktun í nærumhverfi eldisstöðva skal fara fram við hámark lífmassa á hverju svæði. Sýnataka fór ekki fram við hámark lífmassa á Svarthamarsvík í nóvember árið 2024.

Vöktunarmælingar voru gerðar í apríl 2025 og er frávikin því lokað.

Virðingarfyllst,

Freyr Ævarsson
sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri í teymi eftirlits